

Fundargerð 112. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 30. nóvember 2021 kl. 14:00-15:00.
Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórssón, Margrét Sigurðardóttur, Stefán Sveinbjörnsson fyrir Eyrúnu Björk

Frá FA: Sigríður Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. **Fundargerð síðasta fundar** (Fskj. 01. Fundargerð 111. fundar).
Afgreiðsla: Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.
2. **Tillögur að úthlutun til námsleiða, ráðgjafar og raunfærnimats 2022** (kynnt á fundi).
Afgreiðsla: Framlag til sjóðsins fyrir næsta ár liggur ekki fyrir. Þegar skoðaðar eru úthlutanir undanfarinna ára, sést að nokkurt jafnvægi hefur verið í úthlutunum milli verkefnaflokka. Lögð var fram tillaga sem gerir ráð fyrir að framlag sjóðsins verði 780 milljónir og skiptingin yrði miðað við það 460 M (59%) í námleiðir, 130 M (16,7%) í ráðgjöf, 160 M (20,5%) í raunfærnimat og 30 M (3,8%) í þróunarverkefni. Var tillagan samþykkt með fyrirvara um upplýsingar úr fjárlagafrumvarpi þegar það liggur fyrir.
FA leiti á næstu dögum upplýsinga um hvert áætlað framlag verði skv. fjárlagafrumvarpi og sendi tillögu til stjórnar í framhaldinu. Einnig verði boðað til fundar þriðjudaginn 7. desember þar sem úthlutunin verði staðfest – sjá lið 5. c í fundargerð.
3. **Flutningur fjár milli flokka.**
Afgreiðsla: Samþykkt að fella niður heimild, sem hefur verið í gildi frá 2020 til að færa allt að helming framlags til einstakra úthlutunarflokka á milli þeirra.
4. **Erindi frá samstarfsaðilum:**
 - a. **Fræðslunetið á Suðurlandi – Flutningur fjár milli flokka.**
Afgreiðsla: Samþykkt
 - b. **Austurbrú – Flutningur milli flokka.**
Afgreiðsla: Samþykkt.
5. **Önnur mál**
 - a. **Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa - Lokaskýrsla, uppgjör við FA** (frestað á síðasta fundi)
Afgreiðsla: Lokagreiðsla samþykkt

b. Tilnefningar í úthlutunarnefnd og forgangssvið nýsköpunar- og þróunarverkefna 2022.

(frestað á síðasta fundi)

Stjórnarmenn voru minntir á að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefnd þróunarverkefna og koma með tillögur að forgangssviðum fyrir 2022. Umræða varð um vinnu úthlutunarnefndar og mikilvægi vandaðra vinnubragða, allt frá mati á umsóknum og þar til styrkþegi hefur skilað afurðum. FA leiði vinnu þar sem skert verður á hlutverki nefndarinnar og forsendum uppgjörs.

c. Fundur í desember

Afgreiðsla: FA boðar til fundar þriðjudaginn 7. desember, enda liggi fyrir hvert áætlað framlag til Fræðslusjóðs verði á næsta ári.

d. Fundartími 2022

(viðbót við dagskrá – til minnis)

Afgreiðsla: Samþykkt að fundir stjórnar verði síðasti þriðjudagur í mánuði, nema júní og júlí. Fundartími verði frá 14:00 - 15:30.

e. Athugasemdir frá samstarfsaðilum við verðskrá námsleiða og túlkun FA á skilmálum að ekki sé heimilt að hækka þátttakendagjöld.

Framkvæmdastjóri FA átti fund með framkvæmdastjórum fræðsluaðila fyrir skömmu. Þar kom fram óánægja með að verðlisti námsleiða væri óbreyttur árið 2022 frá því sem hann er núna. Sýndi sú ákvörðun skilningsleysi stjórnarmanna á framkvæmd námsleiða og kostnaði við það.